

Alþingi
Erindi nr. P 132/1546
komudagur 6.4.2006

Nefndasvið Alþingis
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 05. apríl 2006
Tilvísun: 2006030049/90.12
GG/BH
Tilv. ykkar: 21.03.2006

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguminjar, 239. mál.

Með ofangreindu bréfi er óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um vernd samgönguminja, 239. mál, flutningsmaður Þuríður Backmann. Í tillögunni er lagt til að samgönguráðherra verði falið að skipa þriggja manna nefnd til að kanna hvernig tryggja megi betur skráningu og vernd samgönguminja og undirbúa gerð samgönguminjaáætlunar.

Vegagerðin gerir ekki sérstakar athugasemdir við nefnda þingsályktunartillögu, en bendir þó á að Vegagerðin hefur staðið að söfnun og skráningu vegsamgönguminja. Jafnframt að Samgöngusafnið í Skógum nýtur styrkja, m.a. frá Vegagerðinni, og varðveitir muni sem frá henni eru komnir. Mætti því ætla Samgöngusafninu einhvern hlut í umræddu máli og fela því jafnvel að annast það, a.m.k. að einhverju leyti.

Virðingarfyllt,


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.